

1240. Stjórnarfundur VR

Haldinn sunnudaginn 11. desember 2022, kl. 18:00 í Kringlunni 7 á 0. hæð og í fjarfundi.

Mætt á staðfund voru: Ragnar Þór Ingólfsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Þórir Hilmarsson, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Steinunn Böðvarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Mætt á fjarfund voru: Harpa Sævarsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Fríða Thoroddsen, Helga Ingólfssdóttir, Jón Steinar Brynjarsson, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Sigrún Guðmundsdóttir, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir og Arnþór Sigurðsson varamaður í stjórn.

Fjarverandi var Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir.

Gestir fundarins voru: Bryndís Guðnadóttir, forstöðumaður kjaramálasviðs VR, og Viðar Ingason, hagfræðingur VR.

Ragnar Þór Ingólfsson setti fund og bauð stjórnarfólk velkomið. Hann þakkaði stjórnarfólki fyrir að mæta á fundinn með skömmum fyrirvara, tilefni hans væri að fara yfir stöðu kjaraviðræðna og næstu skref.

Umræður.

Ragnar Þór kvaðst eftir umræður líta svo á að hann hefði umboð stjórnar til að skrifa undir samning og leggja hann í dóm félagsmanna en jafnframt til að freista þess að ná fram frekari kjarabótum.

Ragnar Þór þakkaði fyrir alla vinnuna sem lögð hefur verið fram í aðdraganda þeirrar stöðu sem við værum nú í.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:10.